

Sérstakir þríhyrningar:

a) Í þríhyrningi með 45° , 45° og 90° horn er:

1. Skammhliðar eru jafnlangar
2. Langhlið = skammhlið $\cdot \sqrt{2}$

b) Í þríhyrningi með 30° , 60° og 90° horn er:

1. Langhlið = 2 · styttri skammhlið
2. Lengri skammhlið = styttri skammhlið $\cdot \sqrt{3}$

Hornaföll

Í rétthyrmdum þríhyrningi gildir fyrir hvasst horn (A):

$$\sin(A) = \frac{\text{mótlæg skammhlið}}{\text{langhlið}}$$

$$\cos(A) = \frac{\text{aðlæg skammhlið}}{\text{langhlið}}$$

$$\tan(A) = \frac{\text{mótlæg skammhlið}}{\text{aðlæg skammhlið}}$$

Hornasumma n-hyrnings er:

$$(n - 2) \cdot 180^\circ$$


Miðhorn. Stærð hornsins er jöfn stærð þess boga sem það spannar.

Ferilhorn. Stærð hornsins er jafnt hálfum boganum sem það spannar.

Innanvert horn. Stærð hornsins er jafnt hálfri summu boganna sem þau spanna.


Utanvert horn. Stærð hornsins er jöfn hálfum mismuni boganna sem það spannar.

Miðhorn




$$\angle AOB = \widehat{AB}$$

Ferilhorn




$$\angle A = \frac{1}{2} \widehat{BC}$$

Innanvert horn



$$V = \frac{\widehat{AB} + \widehat{CD}}{2}$$

Utanvert horn



$$V = \frac{(\widehat{AB} - \widehat{CD})}{2}$$